

AUGLÝSING

um breytt deiliskipulag fyrir hafnarsvæðið í Þorlákshöfn.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Ölfuss þann 31. maí 1999 samþykkt breytt deiliskipulag fyrir hafnarsvæðið í Þorlákshöfn, dagsett 31. maí 1999.

Breytingin nær til lóðar nr. 10 við Hafnarskeið, sem bæjarstjórn hefur samþykkt að verði fyrir vöru- og tollvöruhús sem áður var gámafvöllur. Lóðin liggur sunnan aðkeyrslu að Skarfaskersbryggju og markast til austurs við Skarfaskersbryggju og að Hafnarskeiði til vesturs, alls 5600 m².

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi áður samþykkt deiliskipulag fyrir sama svæði samþykkt af hreppsnefnd 19. ágúst 1996 og hjá Skipulagsstofnun 17. september 1996.

Þorlákshöfn, 2. nóvember 1999.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Sveitarfélagsins Ölfuss,

Sigurður Jónsson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag urðunarsvæðis við Uxafótarlæk, Mýrdalshreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur hreppsnefnd Mýrdalshrepps þann 5. mars 1998 samþykkt deiliskipulag fyrir urðunarsvæði við Uxafótarlæk.

Deiliskipulagið tekur til tveggja 2 ha svæða við Uxafótarlæk þar sem gert er ráð fyrir urðun byggingarúrgangs og seyru.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Vík, 2. nóvember 1999.

F.h. Mýrdalshrepps,

Hafsteinn Jóhannesson sveitarstjóri.

REGLUGERÐ

um notkun staðla um merkjasendingar fyrir sjónvarp.

1. gr.

Gildissvið og skilgreiningar.

Reglugerð þessi kveður á um að staðla fyrir breiðskjá- og háskerpusjónvarp og sjónvarpsútsendingar sem eru að öllu leyti stafrænar.

Breiðskjárþjónusta sjónvarps: Þjónusta þar sem dagskrárliðir eru framleiddir og klipptir svo að myndina megi sýna á breiðskjá. Stærðarhlutfallið 16:9 er viðmiðun fyrir breiðskjársjónvarp.